

Enn gefur Gísli á Grund

A fundi sem haldinn var á vegum Reykjavíkurbíofastdæmis, 9. apríl s.l. til þess að ræða um kirkju- og líknarmál, afhenti Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri, séra Ólafi Skúlasyni, dómrófasti fimm milljónir króna gjöf til Reykjavíkurbíofastdæmis.

Sagði Gísli í ræðu sinni, að með gjöf þessari vildi hann og aðrir forystumenn Elliheimilisins Grund minnast líðins tíma, en á þessu ári eru 40 ár frá stofnun Reykjavíkurbíofastdæmis, en þó sérstaklega hvetja til enn meira starfs að líknar- og safnaðarmálum. Er ætlun gefanda, að stofnaður verði sjóður í vörzlu dómrófasts, sem á næstu árum vaxi, unz hægt er að veita úr hon-

um til stuðnings kirkjulegu starfi í prófastsdæminu og jafnvel kirkjubýggingum.

Margir úr hópi presta og forystumanna sóknarnefnda og kvenfélaga urðu til að taka undir þakkarorð dómrófasts og minnst þeirra mörgu atvika frá líðnum árum, þegar Gísli Sigurbjörnsson veitti söfnuðum styrk á margvíslegan hátt. Enda er eldmóður hans og áhugi á kirkjulegum málum velþekktur og stuðningur hans mikils metinn.

Í samráði við Gísla mun dómrófastur kveðja til menn til að semja skipulagsskrá og finna leiðir til að efla sjóð þennan, svo að hann megi sem allra fyrst koma að góðum notum í prófastsdæminu, enda er víða fjár þörf.

Vigdís efst í Eyjum

BSt — Skoðanakannanir vegna tilvondandi forsetakjörs fara fram víða um land. Nýlega fór fram slík skoðanakönnun meðal starfsfólks Ísfélags Vestmannaeyja. Í kosningunni tóku þátt 118 manns. Úrslitin urðu þannig:

Vigdís Finnbogadóttir varð efst með 53 atkv., Guðlaugur Þorvaldsson fékk 25, Albert Guðmundsson 15, Rögnvaldur Pálsson 3 atkv. og Pétur Thorsteinsson 2, en auðir og ógildir seðlar voru 20.

Sigurður Helgason á sáttafund með flug- mönnum í dag

AM — Í dag kl. 9.30 hefjast að nýju viðræðufundir í flugmannadeilunni, en fyrir páska var ákveðið að gera nokkuð hlé á viðræðum, þar sem ákveðið var að Sigurður Helgason, forstjóri

Flugleiða sæti næsta fund, en hann var fjarverandi fyrir páska.

Guðlaugur Þorvaldsson, sátta-
semjari ríkisins, sagði blaðinu í gær að nú mundi verða tekið til þar sem frá var horfið og mundi

Gunnar Schram, sem áður stýrði viðræðunum, en hefur verið erlendis að undanfögnu einnig sitja fundinn sem sátta-
semjari.

Eins og kunnugt er hafa viðræðufundirnir til þessa einkum snúist um starfsaldurslistamálið og þá setið lengst af fulltrúar flugmannafélaganna einir.

Sumartími sundstaða lengdur um mánuð

— ýmsar minni háttar lagfæringar gerðar í samráði við fastagesti sundstaðanna

Kás — A fundi íþróttaráðs Reykjavíkur í gær var samþykkt að leggja til við borgarráð að sumartími sundstaðanna í borginni yrði lengdur um einn mánuð. Hann hæfist nú 15. apríl í stað 1. maí áður, og lyki ekki fyrr en 15. september í stað 1. september áður.

Einnig var lagt til að sundstaðirnir yrðu opnir á þessum tíma frá því kl. 8 á morgnana til kl. 21 á kvöldin á virkum dögum, en til kl. 18 um helgar. Gildir þessi opnunartími bæði um Vesturbæjar- og Laugardalslaugina, og hefur aldrei verið lengri að því er Vesturbæjarlaugina varðar. Hins veg-

ar er lagt til að Sundhöllinn verði ekki opin lengur en til kl. 15 á sunnudögum.

A fundinum var lögð fram til-
laga frá Eiríki Tómassyni, for-
manni íþróttaráðs, um að gerðar
verði ýmsar minniháttar lagfæ-
ringar á sundstöðunum í samræmi
við óskir og ábendingar þeirra
sem sækja þá að staðaldri, eftir
því sem unnt er fjárhagslega.

„Hér er um ýmis atriði að
ræða, sem ekki eru stór í snibun-
um — en geta skipt þá verulegu
máli sem reglulega sækja sund-
staðina“, sagði Eiríkur Tómas-
son, í samtali við Tímann. Nefndi
hann í því sambandi að sérstök-
um sólskylum yrði fjölgað og
þeim komið upp víðar en nú er, og
gerðar yrðu ýmsar minniháttar
breytingar og lagfæringar á hús-
næði.

Alvöru trimmbraut í Laugardalnum?

Kás — A fundi íþróttaráðs Reykjavíkurborgar í gær voru lagðar fram hugmyndir um að bæta aðstöðu trimmara í Laugardalnum, hugsanlega með því að leggja alvöru trimmbraut þar, sem boðið bæti upp á ýmsa möguleika hvað lengd varðar, og sem ef til vill mætti nota til skíðagöngu þegar svo vibrði að vetrarlagi.

Fyrirnefnd hugmynd var reifuð í sambandi við verkefni sem samstarfsnefnd þriggja nefnda á vegum borgarinnar vinnur nú að, þ.e. íþróttaráðs, Æskulýðsráðs og Umhverfismálaráðs, um könnun á útivistarmöguleikum í borginni, sem gefið hefur verið nafnið „Líf í borg“.

Ef úr verður, þá er hugmyndin að trimmarar geti haft búnings-
aðstöðu í Laugardalslauginni, en
síðar væri hugsanlegt að fjölga

þeim stöðum í dalnum, þar sem
mögulegt væri að hafa fataskipti.

Heilbrigðisráðherra:


Skipar tóbaksnefnd

Heilbrigðis- og tryggingamála-
ráðherra skipaði hinn 27. mars
s.l. nefnd sem fengið er það hlut-
verk að endurskoða lög nr.
27/1977 um ráðstafanir til þess að
draga úr tóbaksreykingum með
hlidsjón af fenginni reynslu
undanfarinna ára.

Auk endurskoðunar laganna er
nefndinni jafnframt falið að ann-
ast framkvæmd gildandi laga í
samvinnu við ráðuneytið, þar til
annað verður ákveðið. Kemur því

nefndin í stað Samstarfsnefndar
um reykjarvarnir“, sem
skipuð var við gildistöku laga nr.
27/1977. Í hina nýju nefnd hafa
verið skipuð:

Sigrún Stefánsdóttir, fréttamaður,
Þorvarður Örnólfsson, fram-
kvæmdastjóri,
Aðólfur Gunnarsson, læknir,
Björn Bjarnman, rithöfundur og
Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri
og er hann jafnframt formaður
nefndarinnar.



Foreldraráð Hvassaleitisskóla:

Mótmælir frestun á smíði íþróttahúss

KL — Nýkjörið foreldraráð Hvassaleitisskóla hefur nýlega sent Fræðsluráði Reykjavíkur bréf, þar sem það mótmælir þeirri ákvörðun ráðsins að fresta frekari framkvæmdum við smíði íþróttahúss skólans.

Í bréfi foreldraráðsins kemur fram, að Hvassaleitisskóli hefur

verið í smíðum í nær því tvo ára-
tugi, en er þó enn ólokið. Smíði
íþróttahússins hófst sumarið 1976,
en er þó ekki lengra komið en svo,
að þeim framkvæmdum, sem nú
standa yfir, er ætlað að gera hús-
næðið fókelt.

Allan starfsaldur skólans hafa
nemendur hans orðið að sækja
leikfímikennslu í aðra skóla.
Þurfa þeir að fara yfir miklar
umferðargötur, og þeir, sem
fjærst búa, geta verið allt að hálf-
tíma á leiðinni þangað.

Í kjallara væntanlegs íþróttahúss er gert ráð fyrir heilsugæslu-
aðstöðu, en hún hefur engin
verið í skólanum til þessa. Hefur
því stundum orðið að fella niður
kennslu í einhverjum bekknum,
þegar skólalæknir hefur komið til
eftirlits, til að rýma fyrir læknis-
skoðuninni.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, að íþróttahúsið yrði tekið í
notkun haustið 1980, en verði
staðið við ákvörðun Fræðsluráðs
um frestun framkvæmda við hús-
bygginguna er séð, að svo verður
ekki fyrr en í fyrsta lagi á árinu
1981.



Fyrirferðarmesta verkíð á sýningunni er „Níger til dýrðar“, batík-
verk eftir finnsku listakonuna Yosi Anaya. Er það alls 13 m að lengd,
þar af hvíla 9 á gólfi, en 4 hanga. Tímamynd

Norræn vefjarlist á Kjarvalsstöðum

KL — A morgun verður sýningin
Norræn vefjarlist II opnuð að
Kjarvalsstöðum. Þetta er í annað
sinn, sem slík sýning er sett upp
hér á landi, fyrri sýningin var
einnig að Kjarvalsstöðum, fyrir
þrem árum.

Upphafið að þessu sýningar-
haldi er það, að á árinu 1974 kom
saman vinnuhópur veflistar-
manna í Danmörku með það að
markmiði að koma saman um-
fangsmikilli sýningu, sem gerði
almenningi ljóst, að hér er sjálf-
stað listgrein á ferðinni. Þá þegar
höfðu ýmsir norrænir veflistar-
menn vakið athygli með verkum
sinum, bæði heima og erlendis.
Þetta samstarf leiddi til fyrstu
Norrænu vefjarlistsýningarinnar,
sem opnuð var í Listasafninu í
Alaborg 1976 og var síðan send
um öll Norðurlönd.

Í upphafi var ákveðið að stefna

að því að koma upp slíkri sýningu
á þriggja ára fresti, og var ömur
sýningin opnuð í Röhsska listibn-
aðarsafninu í Gautaborg í fyrra-
sumar. Er það hún, sem nú lýkur
ferð sinni um Norðurlönd með
viðdvöl á Kjarvalsstöðum. A sýn-
ingunni eru 93 listaverk eftir 87
listamenn frá öllum Norðurlönd-
unum, þar af eiga íslenskir höf-
undar 8 verk.

Fjöldi sjóða og stofnana styrkir
sýninguna, þ.a.m. menntamála-
ráðuneyti allra Norðurlandanna.

Undirbúning og uppsetningu
hafa annast þær Asgerður Búa-
dóttir, Ásrún Kristjánsdóttir og
Þorbjörg Þórðardóttir. Þeim til
aðstoðar hafa verið þeir Stefán
Halldórsson og Guðmundur
Benediktsson.

Sýningin að Kjarvalsstöðum
verður opin til 4. maí.